



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Mánagarður

2021 – 2022



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021	5
3 Innra mat Skessuskot	10
4 Innra mat Tröllahellir	12
5 Innra mat Drekadyngja	13
6 Innra mat Dísaskógur	14
7 Innra mat Álfasteinn	15
8 Innra mat Hulduhóll	16
9 Innra mat Dvergaberg	17
10 Innra mat sérkennslu	18
5 Innra mat – fjöltyngd börn	19
6 Starfspróunarsamtöl og fræðsla	20
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	20
8 Foreldrasamvinna	20
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	21
10 Fylgigögn	21
10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	21



Leiðarljós leikskólans

1 Greinargerð leikskólastjóra

Þetta starfsár er án efa undarlegasta starfsár sem starfsfólk leikskóla hefur upplifað. Það komu brestir í leikskólahjartað okkar við það að takmarka aðgang foreldra að leikskólanum og óska eftir því að þeir stöldruðu afar stutt við þegar þeir komu með og sóttu börnin. Við tókum á móti börnunum í fataklefanum og það fór fram úr okkar björtustu vonum; börn, foreldrar og starfsfólk hafa staðið sig stórkostlega vel miðað við allt og allt. Inni á deildum hefur starfið verið með eðlilegum hætti, við höfum haldið okkar dagskipulagi og sinnt okkar starfi eins eðlilega og kostur var.

Veðurguðirnir voru líka svo sannarlega með okkur í liði í vetur og það er hægt að telja á fingrum annarrar handar þá daga sem við gátum ekki skilað úti í vetur. Það breytti líka miklu að loka leikskólanum kl. 16:30 í stað 17:00.

Það var svolítið spaugilegt þegar nýtt starfsfólk byrjaði hér í haust og allir foreldrar voru með grímur og sumir jafnvel með sólgleraugu og húfu og því ekki auðvelt að þekkja foreldra – við höfðum því gantast með það að þegar grímuskyldan yrði afnumin myndum við að festa eina grímu í gluggann og biðja foreldra að fara þar bak við á meðan við erum að læra að þekkja alla grímulausa.

Mánagarður er 127 barna leikskóli með tæplega 40 starfsmenn. Byggingin er L-laga og við áttum því nokkuð auðvelt með að skipta okkur í tvö og/eða þrjú sóttvarnarhólf þegar þess var þörf. Hér voru allskonar tilfærslur á húsgögnum og litlar kaffistofur spruttu upp í undirbúningsherbergi og á sameiginlegu sullusvæði og stóru kaffistofunni okkar var skipt upp í tvö svæði. Þá er það mikill kostur í svona faraldri að hver deild er með sérinngang í nýrri álmunni og stóra glugga svo það var auðvelt að fylgjast með fjölda fólks í fataklefanum og að sama skapi undarlegt að sjá raðir fyrir utan.

Starfsfólk í gömlu og nýju álmunum hittist því lítið þegar aðgerðir voru hvað harðastar og það hefur óneitanlega áhrif á starfsandann.

Starfsmannahópurinn var nokkuð stöðugur í vetur og ekki mikil starfsmannavelta. Það var hinsvegar dálítið um langtímaveikindaleyfi og fæðingarorlof ef það gekk vel að manna í þær stöður. Aðstoðarleikskólastjórinn leysti af sem deildarstjóri frá ágúst til maí vegna veikinda deildarstjóra og þar til annar var ráðinn.

Starfsmannafundur og starfsdagar voru í stíl við ástandið, allir inni á sínum deildum og leikskólastjórinn á sinni skrifstofu (í sínu hólfi) með fund í gegnum Teams.

Aðlögun gekk vel og foreldrar hafa virt allar þær takmarkanir og reglur sem þeim/okkur hafa verið settar.

Við héldum í okkar hefðir en einhverjar voru með breyttu sniði, sumt er komið til að vera, annað fer aftur í sama horf og áður. Við erum alltaf með morgunsöng á morgnana fyrir allan leikskólann en þar sem við erum svo mörg hefur hann fallið niður. Það var því mikil gleði þegar takmörkunum var talsvert aflétt og við gátum aftur byrjað daginn á söng og gítarspili.



Jólaskemmtunin var með öðru sniði og er eitt af því jákvæða sem við tökum með okkur yfir á næsta starfsár – sem vonandi verður covidlaust. Við fengum 3 jólasveina, einn í hvert stóttvarnarhólf og því fengu börn, kennarar og jólasveinar að njóta miklu betur en þegar við höfum verið öll saman. Meira að segja jólasveinarnir nefndu hvað það hefði verið rólegt og gott og yfirvegað að koma hingað.

Aðventukaffið var án foreldra sem og sumarhátíðin okkar. Við ákváðum í fyrra að hafa útskrift elstu barnanna í ágúst þar sem mörg þeirra koma aftur eftir sumarfrí og það lukkaðist vel, í ár er hún í lok júní þar sem helmingur grunnskólabarnanna okkar kemur ekki aftur eftir sumarfrí.

Mánagarður er að koma vel út í þeim könnunum sem voru gerðar á árinu, bæði HR monitor starfsmannakönnuninni og svo Viðhorfskönnun foreldra þar sem lægsta skorið er í kaflanum um foreldrasamstarf, það kom okkur ekkert á óvart miðað við hvernig ástandið hefur verið.

Það jákvæða við covid og takmarkað umgengi um húsið var að starfsfólk var meira inni á deild og gat sinnt deildinni meira. Það gafst ekki tækifæri á að framkvæma alla þá þætti sem við lögðum upp með í síðustu áætlun og sumir þeirra verða teknir fyrir í ár og er Íris að setja saman fræðsluefni t.d. varðandi Skilaboðaskjóðuna og hópastarf til að setja inn á Workplace, unnið hefur verið að sögugerð á elstu deildinni, fjölmennningarlegum efnivið hefur aðeins fjölgað; heimskort, fánar, matarumbúðir, og við förum árlega á bókamarkaðinn og bætum við bókakostinn okkar, þá kaupir hver deild bækur fyrir 25.000 kr. Við höfum verið að leggja áherslu á bækur sem endurspeglar fjölmenningu. Við höfum aukið við okkur raunverulegan efnivið með því að safna sjálf því sem til fellur heima og koma með í leikskólann, auk þess að kaupa raunverulegan efnivið í Góða hirðinum. Auk þess höfum við fengið efnivið frá saumastofu, leitað til lyklastíða og fleiri til að verða okkur úti um raunverulegan efnivið.

Þessa dagana (aðra vikuna í júní) eru að hefjast framkvæmdir á leikskólalóðinni en hún fær algjöra yfirhalningu í sumar. Allur jarðvegur verður tekinn upp og sett nýtt undirlag, öll leiktæki verða endurnýjuð og garðurinn verður tvískiptur, yngri og eldri. Áætluð verklok eru í september svo það verður áskorun að taka á móti nýjum börnum og foreldrum með takmarkað útisvæði en við bindum vonir við að garðurinn fyrir yngri börnin verði tilbúinn eftir sumarfrí (byrjun ágúst). Núna höfum við um 20% af útilóðinni til afnota og eru elstu deildirnar búnar að skipuleggja vettvangsferðir og aðra viðburði fyrir utan garðinn og við höfum fest kaup á 4ra barna kerru og fengið lánaðar kerrur hjá ung barnarskólunum okkar til að fara með yngstu börnin aðeins út fyrir líka.

Það verða talsverðar starfsmannabreytingar í haust, við erum með mikið af ungu fólki sem er að fara að mennta sig meðal annars í leikskólakennarafræðum, Uppeldis-og menntunarfræðum, sálfræði, heilbrigðisverkfræði og fleira. Við fögnum því að sjálfsögðu.

Okkar leiðarljós er að viðhalda þeim góða starfsanda sem hér er og hefur ætíð verið, njóta nýja útisvæðisins sem við höfum beðið svo lengi eftir, viðhalda okkar heimilisbrag og bæta sífellt námsumhverfi, aðstæður og aðbúnað barnanna sem hér dvelja. Við óskum þess að hér ríki ávallt mikill kærleikur og virðing fyrir löngunum, óskum, þrá og vilja barnanna og að hverju barni sé áfram mætt af virðingu og umhyggju hvar sem það er statt í sínu proskaferli.

2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021

Leikskólinn Mánagarður hefur starfað eftir bandarísku stefnunni HighScope frá árinu 2008, en hún byggir á langtímarannsóknum. Það er mikill samhljómur með HighScope og Aðalnámskrá leikskóla.

Íris Dögg Jóhannesdóttir, aðstoðarleikskólastjóri er menntaður HighScope kennari og þjálfari og sér hún um að þjálfa starfsfólk Mánagarðs í að starfa eftir stefnunni.

Þar sem hér starfa nú tæplega 40 manns hefur ekki verið hægt að halda námskeið með öllum saman vegna fjöldatakmarkana en við náðum einu HighScope námskeiði í febrúar þar sem 19 manns gátu komið og var mikil ánægja meðal starfsfólks með það og há krafa um fleiri slík námskeið.

Þá hefur Íris gert sérstaka HighScope fræðslu síðu innan Workplace þar sem hún deilir myndböndum, lesefni, hugmyndum og fleira eftir óskum og þörfum starfsfólks. Þá eru í vinnslu stuttir og hnitmiðaðir HighScope fræðslufyrirlestrar sem fólk getur nýtt undirbúningstímann sinn í að hlusta/horfa á.

Kjarninn sem starfar hér enn eftir 10-20 ára starf hefur farið á allmörg HighScope námskeið og fræðir og þjálfar starfsfólk á deildum í daglegu starfi.

Við notum matslista frá HighScope sem kallast PQA - Preschool Quality Assessment (þessi listi hefur verið sendur Skóla- og frístundasviði) en sá listi tekur á námsumhverfi barna, dagskipulaginu, samskiptum kennara og barna, áætlanagerð og matsaðferðum. Íris gerir þetta innra mat á öllum deildum en þar sem hún var að leysa af sem deildarstjóri í vetur og það voru ýmsar takmarkanir í húsinu gerði hún bara innra mat á deildinni sem hún var að leysa af á og stefnan er að taka allar hinar í október og nóvember, þegar aðlögun er lokið og leikskólinn fullmannaður.

Orðræðan í HighScope er ólík því sem fólk á að venjast og það tekur nýtt starfsfólk tíma og þjálfun til að tileinka sér hana. Það er áhugvert að fylgjast með þeirri þróun þar sem fólk talar um að það tileinki sér þessa orðræðu almennt í lífinu, þetta er ekki bara 8:00-16:00 orðræða og starfsfólk talar um að HighScope stefnan sé mannbætandi og geri samskipti þeirra við aðra innihaldsríkari þar sem virðing, virk hlustun, viðurkenning á líðan, skoðunum og tilfinningum annarra eru höfð að leiðarljósi í samskiptum.

Umhverfið er mjög barnvænt, hér eru öll húsgögn í hæð barnanna, þau hafa greiðan aðgang að svæðum og efnivið og geta því auðveldlega sýnt frumkvæði og sjálfstæði. Það er líka mjög góð yfirsýn yfir allar deildirnar, bæði fyrir börn og fullorðna og börn hafa góða stjórn á umhverfinu.

Efniviður er fjölbreyttur og höfðar til allra skynfæranna, hann er bæði hefðbundin leikföng og raunverulegir hlutir, mjúkt, hart, tré, plast, stál og svo framvegis.



Ytra mat


Viðhorfsskönnun foreldra var gerð í mars og apríl 2021 og sýndi hún einnig mikla ánægju þá hvað helst hvernig skólanum er stjórnað en þar er skorið 4,78 og við fáum lof fyrir stjórnnum á covid tímum, sýnileika stjórnenda í daglegu starfi og ánægju með HighScope stefnuna.

Við fáum gult og rautt í spurningum er varða foreldra og starfið og er upplifun foreldra sú að ekki sé leitað til þeirra eftir tillögum og hugmyndum, það er rauði kassinn okkar.

Það hefur auðvitað verið ákveðin áskorun að halda uppi virku foreldrasamstarfi á þessum undarlegu tímum og skiptar skoðanir foreldra um hvernig upplýsingaflæði skuli háttað. Við munum taka þetta allt til greina og vinna úr þessum upplýsingum og gera betur hvað þessa þætti varðar.



HR-Monitor könnun var gerð snemma árs 2021 og hún sýndi að það var mikil starfsánægja meðal okkar starfsfólks, skorið var frá 4.34 (Skýr framtíðarsýn) – 4.91 (Áhugi, virðing & hollusta). Allir þættirnir 8 voru grænir. Það var áhugavert að árið 2019 var lægsta skorið okkar í þættinum Þjálfun og þróun, fólk vildi meiri HighScope fræðslu og við bættum úr því. Núna í covid var það meira í formi upplýsinga á Workplace og beinni þjálfun á deild með nýju starfsfólki og það hefur skilað sér.



Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Viðhorfskönnun foreldra	Spurningalisti í tölvupósti til foreldra	Foreldrar	Veikleikar: Foreldrar og starfið: lægsta skorið er í þeim þætti, enda ekki skrítið á covid tímum. Foreldrar upplifa ekki að til þeirra sé leitað eftir tillögum og hugmyndum – það er lægsta skorið okkar. Styrkleikar: Foreldrar eru ánægðir með stjórnun leikskólans, viðmót starfsfólks, telja að barninu líði vel hér, upplifa öryggi og eru heilt yfir mjög sátt.
HR Monitor	Spurningalisti til starfsfólks í tölvupósti	Starfsfólk	Heildarárangurinn var 4,65 af 5,00. Mjög mikill styrkur og mikil starfsánægja. Hæsta skorið er 4.91 í flokknum Áhugi, virðing og hollusta og mikil ánægja með Stuðning frá stjórnendum, 4,81. Þá er lægsta skorið 4,34 í flokknum Skýr framtíðarýn.



Umbótaáætlun leikskólans 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hef st	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæm um við það?	Hver ber ábyrgð, Hver fram- kvæmir?			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Efla deildarstjóra	Gera deildar- stjóra ábyrgari fyrir sinni deild og innra starfinu þar	Mánaðar legir fundir í vald- eflingu deildar- stjóra með leikskóla stjórum og High Scope fræðslu	Soffía Íris	Okt 21	Maí 22	Matsblað – spurningablað	Mats- blað
Uppeldis- og menntastarf							
Auka aðgengi og framboð að HighScope fyrirlestrum á netinu	Setja inn upptökur af HighScope fyrirlestrum á Teams/ Workplace	Íris setur inn efni, Deildar- stjórar sjá til þess að allt starfsfólk fái undir- búnings- tíma til að horfa/ hlusta	Íris , öll	Ágú st 202 1	Lýkur í raun ekki, sett inn eftir þörfum og óskum Metið um áramót hvernig þetta nýtist	Starfsfólk gefur endurgjöf á þar til gerðu matsblaði – spurningar um hvað það vissi, hvað það lærði, hvað það ætlar að byrja strax að tileinka sér, hvað það þarf til að öðlast enn meiri færni,	PQA-listi – sá þáttur sem er til umfjöllun nar metinn með PQA listanum



Mannauður/ Leikskólabragur							
Hópefli Hér er mjög góður starfsandi og við hlökkum til að mega vera saman sem hópur aftur og gera hluti sem eru ekki endilega vinnutengdir- þá tengjumst við öðruvísi líka.	Gleði- stundir	Njóta þess að gera eitthvað saman sem hópur	Soffía, Skemmti- nefnd Mána- garðs	Ág 21	Júní 22	Hugmynda- banki/ kosningar um hvað fólki langar að gera saman -erum t.d. búin að stofna gönguhóp og farið víða í göngur	Um- ræður um hvernig var og hvað okkur langar að gera aftur eða annað
Innra mat							
Við notum PQA listann frá HighScope fyrir innra mat	PQA á öllum deildum	PQA mats- listinn gerður á öllum deildum	Íris	Okt' 21	Des 2021	Niðurstöður kynntar á deildarfundum, unnið með starfsfólki að umbótum út frá niðurstöðum	PQA listinn



3 Innra mat Skessuskot

UMBÓTAÞÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmi r			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsin g og /eða mælikvarð i sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Fjölmenning	Starfsfólk fari á námskeið, noti tölvu í undirbún – pinterest, skoði aðra leikskóla eða grunnskóla og læri af þeim sem eru framarlega ,	Starfsfólk noti undirbúning sinn til að læra um lönd nemendanna , auka samvinnu við foreldra með t.d mat, tónlist, hefðum og annað. Hafa meira sýnilegt á deildinni það sem minnir á uppruna þeirra, bækur, leikföng, myndir, tónlist ofl.	Deildar- stjóri ber ábyrgð á því að starfs- fólk sinni þessu og gefur þeim svigrúm til að afla sér upp- lýsinga. Skipta með sér verkum – ákveða það á deilar- Fundum	Sept 21	Des 21 en lýkur í raun ekki	Endurmat 1x í mánuði, skráningarblöð - hvað er komið til að vera og hvað vantar, 1 land í einu eða 1 efni í einu – skoða það og ákveða í sameiningu hver fókusinn er.	PQA kafli um fjöl- menn- ingu Þetta verður eftir- tektar- vert og til bóta fyrir allan leik- skólann



Val-leikstund-rifja upp	Purfum að laga þennan þátt í HighScope Heildar-þáttinn vantar alveg, rifja upp Að starfsfólk læri markmið stundar-innar og tilganga og tileinki sér þetta daglega	Horfa á HighScope myndbönd, lesa HS bókina um val-leikstund-rifja upp, Fá upprifjun hjá Herdísi eða Írisi Starfsfólk skipuleggi sig í undirbúnings-tímanum	Deildar-stjóri fylgir þessu eftir, ræðir við sitt starfs-fólk á deildar-fundum um hvernig gengur, annars ber hver hóp-stjóri ábyrgð á sínum hópi	Sept 21	Lok des 21 Full-kom-lega inn-leitt Fá 5 í pqa kafla um val og rifja upp	Dagleg skráning á hvaða leiðir voru notaðar til að velja/rifja upp – skrá það niður og efniviðinn sem er notaður, fara yfir þá skráningu og hafa gott skipulag – þannig finnum við fjölbreyttari leiðir til að nota og auðveldar aðgengi að þeim leiðum	PQA kaflinn um val og rifja upp Fara yfir skráningar Eftir-fylgni á deildar-fundi sem er aðra hvora viku



4 Innra mat Tröllahellir

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Merkingar	Að bæta merkingar en skv High Scope eiga að vera 6 tegundir merkinga á svæðum	Fara yfir allar merkingar, lagfæra, bæta og gera nýjar.	Deildar- stjóri og starfsfólk deildar- innar	Ágúst 2021	Sept 2021	Taka myndir núna og í september, bera undir írisi	Kafli um merkingar í PQA listanum Halda merkingum góðum og passa upp á að henda því sem er ónýtt og setja nýtt í staðinn
Efniviður	Auka efnivið á deildinni (eftir Covid tókum við margt út sem má setja aftur inn)	Gera efniviðinn sýnilegan og merkja	Deildar- stjóri, allt starfsfólk deildar- innar	Ágú 2021	Sept 2021	Taka myndir,	Listi frá HighScope með efnivið á ákveðnum svæðum Listi um efnivið í PQA mats- listanum



5 Innra mat Drekaðyngja

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Markvissari skilaboðaskjóða	Að starfsfólk læri hverskonar upplýsingar eiga við skilaboðaskjóðu og hvernig á að kynna skilaboðaskjóðu	Námskeið eða gögn frá Írisi sem hægt er að kynna á deildarfundi.	Sept 21	Nóv 21	Deildarstjóri	Taka daglega myndir í nokkrar vikur og fara yfir þær með Írisi	PQA matslistinn
Endurskipulagning á dóti, skápum, geymslu	Að hlutir séu á stað þar sem það nýtist börnum og starfsfólki mest og minni tími fer í að fara um og leita	Starfsdagur inn á deild	næsta starfsdag		Deildarstjóri Allt starfsfólk deildarinnar	Taka stöðuna reglulega og skipuleggja eftir þörfum	PQA listi
Fara yfir og laga merkingar inni á deild	Að gera allt dótið aðgengilegra og geyma og merkja eftir HighScope	Starfsfólk fer yfir deildina, skrá hvað vantar og bæta merkingum á undirbúnings tíma	Sept 21	Okt 21	Deildarstjóri, allt starfsfólk deildarinnar	Skoða öll svæðin aftur í lok okt	PQA matslistinn



6 Innra mat Dísaskógur

UMBÓTAÞÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver fram- kvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Skráning á daglegum þáttum	Bæta skráningu á hópastarf i og öðrum þáttum dagskipu- lagsins	Nýta betur þau form sem eru til á deildinni og geta nýst öllu starfsfólki. Með því er auðveldara fyrir aðra að stíga inn í ef t.d þarf að leysa af hópstjóra. Einnig að nýta það „samskipta- form starfs- manna“ sem til er þannig að sá sem opnar sé upplýstur um það sem gerðist við lokun daginn áður.	Allt starfs- fólk deildar- innar	Ágú 2021		Byrja í litlum skrefum, taka stöðuna eftir mánuð hvernig gengur, fara yfir kosti og galla og bæta þar sem þarf til að láta þetta ganga betur. Skiptir máli að starfsfólk finni fyrir öryggi varðandi notkun á svona skipulagi svo það detti ekki upp fyrir.	Góð samskipti, fara yfir skipulagið á deildar- fundum til að halda öllum vel upplýstum. Nota matskaflann í PQA matslistanum .

7 Innra mat Álfasteinn

UMBÓTAPÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Skilaboðaskjóða	Starfsfólk læri að gera skilaboða- skjóðuna	Öll horfa á netfyrir- lestur Írisar á workplace	Íris, deildar- stjóri, öll á deildinni	Sept 21	Nóv 21	Taka myndir daglega, fara yfir á 3ja vikna fresti með Írisi, hvað er gott, hvað má bæta/gera öðruvísi	PQA listinn
Hópastarf	Öll læri að undirbúa og fram- kvæma hópastarf	Öll horfa á fyrirlestur um hópastarf Hugmynda- hefti Írisar, Myndskeið á heima- síðu HighScope	Íris, deildar- stjóri, öll á deildinni	Sept '21	Maí '22	Dagleg skráning á hópastarfi á blaði frá HighScope, efniviður og framkvæmd	Mats- blöð, PQA listinn



8 Innra mat Hulduhóll

UMBÓTAPÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver fram- kvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsin g og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Innleiða skilaboða- skjóðuna	Læra að gera og kynna skilaboða- -skjóðuna	Fá námskeið hjá Írisi um skilaboða- skjóðuna	Íris, deildar- stjóri, öll á deild- inni	Okt 21	Des 21	Taka myndir daglega af skilaboðaskj. Funda á 3 vikna fresti með Írisi og fara yfir myndirnar – hvað er gott, hvað mætti laga og fá nýjar hugmyndir	Fara yfir mark- miðin, myndir, PQA listinn
Hópastarf	Bæta efnivið í hópa- starfi, Bæta undir- búning og skilning á hópa- starfi	Fá hefti hjá Írisi og fræðslu, fá form til að fylla í og yfirlit yfir lykilreynslu -þættina	Íris, öll á deildinn i	Okt 21	Apríl 21	Fá form hjá Írisi og nota þau til að skipuleggja hópastarf, fá hugmyndir og skrá lykilreynslu- þætti	PQA listinn í des og apríl



9 Innra mat Dvergaberg

UMBÓTAÞÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifær i til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir?			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Hópastarf	Auka fjöl- breytni í hópa- starfi	Nota undir búning til að skoða High Scope hefti, skoða mynd- bönd á High Scope síðunni, skoða High Scope bækurnar okkar og fá hugmyndi r þar	Deildarstjór i og starfsfólk deildar- innar	Okt 2021	Apríl 2022	Skrifa niður það sem stefnt er að og meta svo hvernig gengur (vera heiðarlegur) Skoða PQA lista til að fá hugmyndir um hvers konar efnivið á að nota Nota form frá Íris um hópastarf, skrá í það fyrir hvert hópastarf	Skoða listann sem var gerður í upphafi , fara yfir hann og aðal- lega efni- viðinn sem var notaður PQA matslist inn – kaflinn um hópa starf

10 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2020-2021

Skipulagning sérkennslu 2020-2021 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Sérkennsla var skipulögð í sameiningu af deildarstjórum og sérkennslustjóra með handleiðslu frá sérkennsluráðgjafa frá þjónustumiðstöð. Einstaklingsnámskrá fyrir þá nemendur sem eiga rétt á tímum/fjármagni og málörvun.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.	TRAS, HLJÓM-2, og EFI-2
Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?	Behavioral Intervention For Young Children With Autism og Making a Difference í atferlisþjálfun, Lærum og leikum með hljóðin (öpp og prentað efni), Lubbi finnur málbein, Ljáðu mér eyra.

Umbótaáætlun sérkennslu 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
	Auka málörvunartíma	Koma upp betra skipulagi í samráði við deildarstjóra um málörvuna þeirra barna sem það þurfa.	Sérkennslu stjóri	Ágúst 2021		Fara yfir stöðuna, þörf á breytingum á nokkurra vikna fresti með deildarstjórum.	Fara yfir stöðuna, þörf á breytingum á nokkurra vikna fresti með deildarstjórum.

5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2020-2021

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Vinna fer að mestu fram inni á deildum, áhersla lögð á að leggja orð á allt, endurtaka rétt það sem börnin segja, lesa bækur og segja sögur. Gefðu 10 hefur verið notað þegar þörf hefur verið á því.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Í lesstundum er staldrað við, farið yfir orðin og rætt við börnin um merkingu þeirra. Áhersla lögð á samtöl við börn og að leggja orð á athafnir, tilfinningar, hluti o.s.frv.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Nei, ekki nema þeirra barna sem hafa fengið tíma/fjármagn. Þarf að bæta.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Hópastaf og samverustundir inni á deildum miða mikið að þessum þáttum, stigvaxandi eftir aldri og þroska barnahópsins.



Umbótaáætlun –fjöltyngi 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
	Auka utnanum- hald um málörvun og stöðu fjöl- tyngdra barna í leikskóla- num	Gera einstaklings- námskrá fyrir öll fjöltyngd börn, fylgjast með fram- förum og meta reglulega þörf á úrbótum	Sérkennslu- stjóri	Ágú 2021		Einstaklings- námskrár yfirfarnar og bættar amk 3x á önn,	Meta hvort einstaklings námskrár bæti árangur og utanumhald . Einnig hvort þörf sé á þeim fyrir öll fjöltyngd börn.

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Leikskólastjóri tók allt starfsfólkið í starfsþróunarsamtal í vor og fór sjálf í slíkt viðtal hjá mannauðsstjóra Félagsstofnunar stúdenta.

Það var lítið um námskeið og aðra endurmenntun þetta skólaárið. Íris aðstoðarleikskólastjóri og HighScope kennari var með eitt 3ja klst nýliðanámskeið í HighScope í febrúar, og hún fór á 2ja daga netnámskeið hjá HighScope Institute Ireland og hún ásamt deildarstjóra á elstu deild fóru á 3ja daga alþjóðlega netræðstefnu HighScope. Tveir deildarstjórar fóru á námskeið tengt málþroska ungra barna. Þar sem það hafa verið margir áhugaverðir fyrirlestrar á netinu hafa fleiri haft tök á að „fara“ á námskeið eða horfa á upptökur eftir á, það er annað jákvætt sem covid hefur skapað.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Við eigum í samstarfi við Melaskóla og skólabörninn tilvonandi fara vanalega í tvær heimsóknir þangað, annars vegar á bókasafnið og hins vegar í íþróttatíma en vegna covid fóru þau eingöngu í heimsókn á bókasafnið í ár.

8 Foreldrasamvinna

Leikskólanum var skipt upp í ýmist tvö eða þrjú sóttvarnarhólf og aðgangur foreldra að leikskólanum takmarkaður. Auk þess mátti starfsfólk ekki fara um allan skóla og því ekki hægt að bjóða foreldrum hingað á viðburði og/eða fundi og annað slíkt fram eftir vetri. Við náðum að bjóða foreldrum í foreldraviðtöl í febrúar, mars og apríl, en því miður hefur þátttaka foreldra í öðrum þáttum verið takmörkuð (aðventukaffi, sumarhátíð)

Dagleg samskipti voru með eins eðlilegum hætti og aðstæður buðu uppá og ef foreldrar þurftu tíma til að spjalla var alltaf brugðist við því, hvort sem það var í eigin persónu, í gegnum skilaboð, tölvupósta eða símtöl. Við gerðum starfið sýnilegra með myndböndum og myndum en eins og gengur og gerist eru sumar deildir virkari en aðrar hvað þetta varðar.

Í foreldraviðtölum kom fram mikil ánægja hjá foreldrum með okkar störf á covid-tímum og foreldrar þakklátir fyrir okkar störf.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Starfsdagar skólaárið 2020-2021 voru með óhefðbundnu sniði þar sem fjöldatakmarkanir settu okkur þröngar skorður. Við unnum mikið inni á deildum þessa daga og áttum samskipti í gegnum Teams – þar fóru starfsmannafundir fram, það var broslegt að vera öll í sama húsi en mega ekki blandast.

Í febrúar gafst okkur færi á að vera með helminginn á HighScope nýliðanámskeiði í 3 klst og í júní gátum við svo loks verið öll saman og nýtt þann starfsdag í hópefli og bara samveru sem hópur þar sem við höfum verið meira sundur en saman í allan vetur. Sá dagur var algjörlega nauðsynlegur öllum.

10 Fylgigögn

10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans Mánagarðs

Soffía Emelía Bragadóttir
Íris Dögg Jóhannesdóttir

25.06.2021

Leikskólastjórar

Dagsetning



Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2021 – 2022

Nafn leikskóla

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Elísa Hildur Þórðardóttir
Stella Ólafsdóttir



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.



- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð leikskólans Mánagarðs hefur tekið starfsáætlun leikskólans fyrir skólaárið 2021-2022 til umsagnar líkt og 11. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 kveður á um. Við í foreldraráðinu samþykkjum starfsáætlunina, en þar kemur fram góð greinargerð um hvernig síðasta leikskólaár var. Í greinargerðinni er hægt að lesa sér til um innra og ytra mat leikskólans, innra mat hverrar deildar fyrir sig, innra mat sérkennslunnar og hvernig unnið er með fjölbreytni börnum. Einnig er farið yfir þá fræðslu og námskeið sem starfsfólk leikskólans hefur staðið til boða og sótt, hvernig samstarfi leikskóla og grunnskóla er háttað, samskipti leikskóla og foreldra og skipulag leikskóladagatalsins.

Á tímum Covid hefur leikskólastarfið verið mjög óhefðbundið vegna mikilla takmarkanna sem settar voru á í samfélaginu. Stjórnendur Mánagarðs tókust vel á við þær áskoranir og stóð starfsfólk skólans sig vel í að halda faglegu starfi gangandi og passa að líf barnanna yrði sem eðlilegast á þessu skrítnu tímum. Við foreldrarnir fengum reglulega upplýsingar frá stjórnendum Mánagarðs um hverjar takmarkanirnar voru hverju sinni á leikskólanum sem skapaði öryggi hjá okkur foreldrunum. Þrátt fyrir erfitt ár fyrir starfsfólk leikskólans þá tekur maður eftir að starfsandinn hefur haldist góður og viðmót starfsfólks bæði til barnanna og foreldranna ávallt verið til fyrirmyndar.

Foreldraráð þakkar gott samstarf við leikskóla og foreldra á árinu.

Fyrir hönd Foreldraráðs Mánagarðs,

Elísa Hildur Þórðardóttir





